

EES-samstarf á sviði menningarmála og fjölmiðla

1. Menningaráætlunin, Menning / Culture 2007 - 2013

2. Media 2007, áætlun um stuðning við hljóð- og myndmiðlun

3. Nefndir, stjórnir o. fl.

4. Tilskipanir

5. Tilmæli

6. Orðsendingar

1. Menningaráætlunin, Menning / Culture 2007 - 2013

Fulltrúi í stjórnarnefnd: Guðný Helgadóttir

Varafultrúi: Þorgeir Ólafsson

Umsjón / landsskrifstofa: Upplýsingaþjónusta menningaráætlunar Evrópusambandsins, Cultural Contact Point Iceland: Hallveigarstaðir, Túngata 14. Forstöðumaður: Rósa Þorsteinsdóttir.

- **Skammtíma verkefni**, með þátttöku a.m.k. þriggja landa og standa yfir að hámarki í tvö ár. Nýjungar og verkefni sem geta eflt samstarf til lengri tíma njóta forgangs.
- **Langtíma verkefni**, með þátttöku a.m.k. sex landa í 3-5 ár og geta lagt grunn að sjálfbæru og skipulegu samstarfi í menningargeiranum. Styrkir eru ætlaðir til að styðja þá sem vilja hefja slíkt samstarf eða víkka það til fleiri landa, en stefnt skal að því að samstarfið verði að lokum fjárhagslega sjálfbært.
- **Þýðingar** á evrópskum bókmenntum. Sérstök áhersla verður lögð á verk sem hafa vakið athygli almennra lesenda og sérfræðinga í bókmenntum auk verka sem þykja hafa óumdeilt bókmenntalegt gildi.

Sjá einnig: <http://www.evropumenning.is/>

2. Media 2007, áætlun um stuðning við hljóð- og myndmiðlun

Fulltrúar í stjórnarnefnd: Karítas H. Gunnarsdóttir og Sigríður Margrét Vigfúsdóttir

Varafultrúi: Þorgeir Ólafsson

Umsjón / landsskrifstofa: MEDIA skrifstofan, Hallveigarstaðir, Túngötu 14. Forstöðumaður: Sigríður Margrét Vigfúsdóttir.

Áætlunin skiptist í þessa flokka:

- **Þjálfun og framhaldsmenntun** fagfólks í myndmiðlunargeiranum.
- **Undirbúningur** verkefna og verkefnapakka.
- **Dreifing**, kynningar og kvikmyndahátíðir.
- **Tilraunaverkefni** og þróun.
- **i2i** Styrkir til lækkunar á fjármagnskostnaði.

Hver ofangreindra flokka skiptist í margvíslegar undiráætlanir og verkefni.
Sjá: <http://www.mediadesk.is/>

3. Nefndir, stjórnir o. fl.

Culture 2000 - menningaráætlun ESB:

Stjórnarnefnd: Aðalfulltrúi: Guðný Helgadóttir
Varafultrúi: Þorgeir Ólafsson

MEDIA 2007 - fjölmiðlaáætlun ESB

Stjórnarnefnd: Aðalfulltrúar: Karítas H. Gunnarsdóttir og Sigríður Margrét Vigfúsdóttir, forstm.MEDIA skrifstofu.

Contact Committee on Audiovisual Media Services Directive

Aðalfulltrúi: Elfa Ýr Gylfadóttir
Varafultrúi: Þorgeir Ólafsson

Cinema Communication - vinnuhópur

Aðalfulltrúi: Elfa Ýr Gylfadóttir
Varafultrúi: Þorgeir Ólafsson

Member States' Expert Group on Digitisation and Digital Preservation

(Fulltrúi til bráðabirgða: Þorgeir Ólafsson).

EFTA Working Group on Cultural Affairs:

Guðný Helgadóttir, Þorgeir Ólafsson.

EFTA Working Group on Audiovisual Services:

Elfa Ýr Gylfadóttir, Þorgeir Ólafsson

4. Tilskipanir

Tilskipanir (directives) beinast að aðildarríkjunum og eru bindandi á þann hátt að markmið með setningu þeirra verður að nást en ríkin ákveða sjálf hvernig að því er staðið.

Tilskipanir ESB á sviði menningarmála, sem felldar hafa verið inni EES samninginn, eru:

- tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu, AVMS [Directive 2007/65/EC](#)
- höfundarréttarmál: Directive 91/250/EEC, Directive 92/1000/EEC, Directive 93/83/EEC, Directive 93/98/EEC, Directive 96/9/EEC, [Directive 2001/29/EC](#), [Directive 2001/84/EC](#), [Directive 2004/48/EC](#)
- skil á menningarverðmætum, [Directive 93/7/EEC](#)

Á sviði hljóð- og myndmiðlunarþjónustu starfa AVMS Directive Contact Group og fleiri sérfræðingahópar, sem ræða nánari útfærslu tilskipunarinnar, enda gefur hún færi á talsverðum sveigjanleika.

Á sviði höfundarréttarmála eru tvær nefndir:

- Copyright Contact Committee for Directive 2001/29 ('InfoSoc') (JVG)
- Copyright Contact Committee for Directive 2001/84 ('Droit-de-suite') (JVG).

5. Tilmæli

Tilmæli (recommendations) og **álit (opinions)** eru ekki bindandi heldur aðeins til viðmiðunar.

Tilmæli, sem staðfest hafa verið af ráðherraráði ESB og Evrópuþinginu, eru að jafnaði talin hafa meira

vægi en tilmæli framkvæmdastjórnarinnar, því um þau hefur náðst pólitísk samstaða allra aðildarríkja og fulltrúar þeirra staðfest þau. Tilmælum, sem hafa hlotið þannig afgreiðslu, fylgja yfirleitt aðgerðaáætlanir eða Council Conclusions, þar sem sett eru ítarlegri markmið og leiðir.

Eftirtalin tilmæli hafa verið felld undir EES- samninginn eða undirbúningur hafinn að því ferli:

- **Film heritage and the competitiveness of related industrial activities, Commission Recommendation 2005/865/EC.** Þar er m.a. hvatt til þess að gömlu efni sé komið í stafrænt form og fundnar leiðir til að nýta þennan menningararf með betri hætti en áður auk þess sem lögð er áhersla á samkeppnishæfni evrópsks kvikmyndaiðnaðar.
- **Commission Recommendation 2006/585/EC og Council Conclusions (2006/C 297/01) on the digitisation and online accessibility of cultural material and digital preservation.** Í tilmælunum er vísað til stefnu Evrópusambandsins um upplýsingasamfélagið (i2010 initiative), þar sem upplýsingatæknin verði einn burðarása í sókn til efnahagslegra framfara, atvinnusköpunar og lífsgæða. Hvatt er til þess að þátttökuríkin starfi saman að eftirtöldum verkefnum: a) Endurskoðun á stefnu hvers þátttökuríkis um stafvæðingu menningarefnis og varðveislu þess á rafrænu formi, b) Stafrænu evrópsku safni (European digital libraries), sem veitir aðgang að menningarefni á rafrænu formi án tillits til tungumála eða hvar efnið er staðsett, c) Bæta aðstæður fyrir stafvæðingu og aðgengi almennings að menningarefni á rafrænu formi, d) Efla samræmingu og samstarf milli þátttökuríkjanna í framgreindum efnum.
- **Recommendation of the European Parliament and of the Council of 20 December 2006 on the protection of minors and human dignity and on the right of reply in relation to the competitiveness of the European audiovisual and on-line information services industry.** Tilmælin eru um andmælarétt í rafrænum fjölmiðlum, aðgerðir til að bæta fjölmiðlalæsi ungmenna, aðgerðir til að fá fjölmiðlafyrirtæki til að beita sér gegn mismunun af öllu tagi, hvatningu um að starfað sé eftir siðareglum og að vernda börn og ungmenni gegn óhæfilegu fjölmiðlaefni.

6. Orðsendingar

Orðsendingar (communications) frá framkvæmdastjórn ESB greina frá stefnu hennar í tilteknum málum eða eru undanfari stefnumótunar og aðgerðaáætlana.

Frá framkvæmdastjórn ESB hafa borist eftirtaldar orðsendingar (Communications) á sviði menningarmála:

- **Communication** from the Commission to the Council, the European parliament and Social Committee and the Committee of the Regions, 2007/242/EC, on a **European agenda for culture in a globalizing world.**
- **Communication** from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions on **Creative Content Online in the Single Market** {SEC(2007) 1710} - COM(2007) 836 final, 03.01.2008 [\[en\]](#)
- **Council** conclusions of 20 November 2008 on the **development of legal offers of online cultural and creative content and the prevention and combating of piracy in the digital environment** (2008/C 319/06)
- **Communication** from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions: **A European approach to media literacy in the digital environment**, 20.12.2007, COM(2007) 833 final.
- **Commission** communication concerning the prolongation of the application of the Communication on the follow-up to the Commission communication on certain legal aspects

relating to cinematographic and other audiovisual works (**Cinema Communication**) of 26 September 2001 (**2007/C 134/03**).

- [Communication](#) from the Commission concerning the State aid assessment criteria of the Commission communication on certain legal aspects relating to cinematographic and other audiovisual works (**Cinema Communication**) of 26 September 2001 (**2009/C 31/01**)
- [Draft Communication](#) from the Commission on the application of **State aid rules to public service broadcasting** (**2008/2009**)